

Forsíða


Að segja fréttir er að margfalda þær. Tíbeskur málsháttur

Málefni	Fjölmiðlar, hnattvæðing, umhverfismál
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	10–24
Tími	180 mínútur
Yfirlit	Þetta er hermíleikur þar sem líkt er eftir hópi blaðamanna sem er að ganga frá forsíðu dagblaðs áður en það fer í prentun. Þátttakendur vinna í litlum hópum og fjalla um mál á borð við: <ul style="list-style-type: none"> Hlutdrægni, staðalmyndir og hlutleysi fjölmiðla. Myndbirtingar og hlutverk fjölmiðla í umfjöllun um mannréttindamál.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> Rétturinn til frjálsrar hugsunar og skoðana- og tjáningarfrelsi. Rétturinn til einkalífs. Rétturinn til að þroskast, lifa og njóta heilbrigðis.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> Að nota myndir til að vekja áhuga á mannréttindamálum. Að skoða hvernig fjölmiðlar fjalla um mannréttindamál. Að auka færni í samskiptum og samvinnu.
Efniviður og aðstæður	<ul style="list-style-type: none"> Stór stofa þar sem tveir eða þrír vinnuhópar geta verið að störfum. og hægt er að halda sameiginlegan fund. 40 ljósmyndir úr dagblöðum. Blöð og pennar til að skrifa minnispunkta. Stórar pappírsarkir (A3), eða flettistöflupappír, og merkipennar. Skæri og lím fyrir hvern vinnuhóp. Nægilega stór borð til að vinnuhóparnir geti dreift úr gögnum sínum.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> Veldu fjörutíu til fimmtíu myndir úr tímariti eða innlendum dagblöðum. Athugaðu: Hver vinnuhópur þarf að fá eintak af öllum myndunum. Annaðhvort þarf því að kaupa nokkur eintök af hverju blaði sem myndir eru teknar úr eða hafa aðgang að ljósritunarvél. Einu myndasetti er raðað á borð.


Leiðbeiningar

- Kynntu verkefnið. Útskýrðu fyrir þátttakendum að líkja eigi eftir kvöldvinnu hjá dagblaðsútgáfu þar sem hópur blaðamanna vinnur að forsíðu blaðsins. Þó að þetta séu staðarblöð sem þjóna viðkomandi samfélagi hafa þau öll þá stefnu að upplýsa lesendur sína um þau hnattrænu málefni sem eru á döfinni hverju sinni, þar á meðal mannréttindi.
- Skiptu þátttakendum í átta manna vinnuhópa. Hver hópur á að ímynda sér að hann sé ritstjórnarhópur sem vinnur við tiltekið dagblað. Verkefni þeirra er að hanna og setja upp forsíðu fyrir útgáfu morgundagsins.
- Segðu hverjum hópi að velja blaði sínu heiti.


MÁLEFNI



FJÖLMÍDLAR




HNATTVÆÐING




UMHVERFISMÁL

ÞYNGDARSTIG




STIG 3

HÓPSTÆRÐ



10–24

TÍMI



180 MÍNÚTUR

4. Ræðið stuttlega á sameiginlegum fundi um megineinkenni og uppsetningu hefðbundinnar forsíðu.
5. Sýndu þátttakendum myndasettið. Segðu þeim að ganga þegjandi í kringum borðið og gera engar athugasemdir að svo stöddu. Skýrðu fyrir þeim að þetta séu myndirnar sem fylgi verkefninu og þær megi nota og túlka að vild.
6. Segðu síðan ritstjórnarhópunum að hefjast handa. Útbýttu blöðum og blýöntum, lími og skærum til hópanna – en bíddu með að láta þá fá myndirnar.
7. Farðu yfir leiðbeiningarnar. Þátttakendur hafa eina klukkustund til að velja sér fjórar eða fimm nýjar fréttir til umfjöllunar, semja fyrirsagnir, velja myndir og hanna forsíðuna. Segðu þeim að ekki þurfi að skrifa langar greinar, fyrirsagnir og inngangstexti nægi alveg. Leggja skal áherslu á þau hughrif sem forsíðan vekur fremur en ítarleg fréttaskrif. Bentu þeim á að gott sé að ræða fyrst saman um þau málefni eða vandamál sem fjalla skal um. Segðu þeim að eftir tíu mínútur fái þeir myndirnar frá „framköllunardeildinni“.
8. Þegar hóparnir hafa verið að störfum í um það bil tíu mínútur skaltu afhenda þeim myndasettin.
9. Þegar hóparnir hafa gengið frá forsíðunum eiga þeir að leggja þær fram til sýnis svo að allir geti skoðað þær. Kallaðu loks alla saman í samantekt og mat.

Samantekt og mat

Fyrst er farið yfir sjálft verkefnið og síðan fjallað um fjölmiðla, mannréttindamál og samábyrgð.

- Hvernig skipulögðu hóparnir starf sitt? Hvernig ákváðu þeir framkvæmd verksins og hvaða fréttir skyldi fjallað um? Fannst öllum þeir geta tekið þátt í þessu verkefni og lagt sitt af mörkum?
- Hvernig stóðu þátttakendur að því að velja málefni til umfjöllunar? Hvort kveikti áhugann, málefnið eða myndin? Völdu þeir fyrst tiltekið mál og fundu síðan viðeigandi mynd því til stuðnings eða kveikti tiltekin mynd áhuga og varð til þess að skrifuð var frétt í tengslum við hana?
- Hvaða mál var fjallað um? Tengdust einhver þeirra mannréttindum? Voru þarna einhver mál sem allir hefðu getað hugsað sér að fjalla um, en urðu síðan að hætta við?
- Er eitthvað líkt með forsíðum blaðanna? Er fjallað um sömu málefni og eru sömu myndir notaðar?
- Hafa einhverjir hópar notað sömu myndina, en á ólíkan hátt?
- Hvernig fylgist fólk með fréttum? Í dagblöðum, sjónvarpi, útvarpi eða á Netinu? Hvers vegna fylgist fólk með fréttum – eða lætur það vera?
- Reyndu þátttakendur að líkja eftir raunverulegum forsíðum? Eða vildu þeir hafa annan hátt á? Hver var munurinn?
- Hvers konar fréttir eru í raun ráðandi í fjölmiðlum?
- Er fréttaumfjöllun um mannréttindamál yfirleitt góð?
- Það sem oftast ber á góma þegar fjölmiðlar eru annars vegar er „hlutleysi“ þeirra. Telja þátttakendur að hægt sé að segja fréttir á hlutlausan hátt?
- Hvaða mannréttindamálefni rötudu á forsíðurnar?
- Hvaða augum líta þátttakendur ungt fólk í fjarlægum heimshlutum?
- Vantar einhver mikilvæg málefni í myndasettið?

Ábendingar til leiðbeinanda

Við val á myndum í þetta verkefni ætti að sjá til þess að fjölbreytni sé gætt og forðast staðalmyndir. Oft gengur frétttaflutningur út á frásagnir af manndrápi, stríði og öðrum hörmungum en sjaldnar er fjallað um góð tíðindi. (Það er margt annað sem á sér stað í Afríku en stríð og hungursneyð!) Velja ætti myndir sem gera þátttakendum kleift að velja „góðar“ fréttir ekki síður en „slæmar“. Taka þarf tillit til landfræðilegrar dreifingar og kynjahlutfalls, velja myndir af ungmennum og því sem snertir daglegt líf þeirra, þar á meðal jákvæðar myndir sem sýna hvernig þau geta látið til sín taka. Þarna þurfa að vera myndir sem tengjast sjóðheitum fréttaviðburðum og þekktum einstaklingum, og einnig myndir sem tengjast lífinu í fjölmenningslegu samfélagi og hnattrænum heimi. Finna má hugmyndir á eftirfarandi lista. (Hann er byggður á myndalistanum sem er notaður verkefnislýsingunni í undirkaflanum „Tilbrigði“ hér á eftir.)

Sjónvarpsfréttabúlar – kona	Útimarkaður í Asíu	Bandarískar hersveitir í Júgóslavíu
Jörðin	Einmana kona	Orrustuflugvél
Myndatökulið í þriðja heiminum	Fátækrahverfi í Brussel	Skæruliði
Konur að búa til stíflu	Troðfull ruslatunna	Tveir látnir hermenn
Atvinnuleysisbætur	Dósir flokkaðar	Stafli af kornpokum
Námumaður í Afríku	Hörundsökukur piltur með gítar	Kvennaráðstefna
Meindýraeitur	Rokkstjarna	Fjölskylduráðgjöf
Auglýsing fyrir hamborgarastað	Lögregluþjónn	Forvarnir gegn alnæmi
Þurr jarðvegur	Veggjakrot	Hópur fólks
Börn að busla í vatni	Þjóðþing	Almenningssamgöngur
Bílaþvottur	Eiturlyf	Bílasýning
Oliueyðsla	Flóttamannabúðir	Umferðarteppa
Mótmælaaðgerðir grænfríðunga	Börn í miðstöð fyrir hælisleitendur	Ungur maður með hljóðnema
Reykjarstrókur frá iðnfyrirtæki	Fótboltamaður	Farsími
Áfengisauglýsing	Aðgerð á vegum Amnesty International	
Auglýsing frá Coca Cola	Mótmæli á Filippseyjum	
Sölumaður á baðströnd		

Við kynningu á verkefninu og í umræðum um megineinkenni og uppsetningu hefðbundinnar forsíðu skal vekja athygli þátttakenda á því hvernig fyrirsögnum er ætlað að grípa athygli og hvernig fréttirnar eru síðan settar fram; fyrst kemur yfirleitt stutt ágríp sem nær yfir u.þ.b. tvo dálksentímetra og svo meginmál þar sem efni fréttarinnar er rakið. Ræða skal hvernig myndir eru notaðar til að styðja við efnið eða vekja athygli lesandans. Einnig skal vekja athygli á því sem ekki sést á myndunum! Ræða ætti hvernig þær hafa verið klipptar þannig að athygli áhorfandans beinist að því sem ljósmyndarinn – eða myndaritstjórinn – vill sýna. Einnig er vert að benda á hvernig myndatextar eru skrifaðir.

Tilbrigði

Hægt er að kynna þetta verkefni sem útvarps- eða sjónvarpsfréttabátt. Ef þátttakendur kjósa að búa til sjónvarpsefni er eindregið mælt með skyggusýningum (skyggnum eða glærum) í myrkvöðu herbergi til að aðstæður verði sem raunverulegastar. Til er skygguröð sem tekin var sérstaklega saman fyrir slíkt verkefni og hægt er að fá lánaða hjá EFIL (European Federation for Intercultural Learning).

Lykildagsetning

3. maí
Alþjóðadagur
fjölmíðlafrelsis

Tillögur um framhald

Hægt er að fjalla um þau málefni sem hóparnir völdu til umfjöllunar út frá ýmsum sjónarmiðum. Hvernig er til dæmis fjallað um þau hér?

Þátttakendur gætu haft samband við eitthvert staðarblað eða útvarps- eða sjónvarpsstöð og rætt við blaðamenn um starf þeirra, um hlutleysi og umfjöllun um alþjóðamál og mannréttindi í fjölmíðlum.

Ef þátttakendur hafa gaman af verkefnum þar sem gott er að vera fljótur að hugsa gætu þeir unnið verkefnið „Augnablik!“, á bls. 84, sem lýsir því hvernig íþróttir og mannréttindi tengjast.

Hugmyndir um aðgerðir

Á sumum svæðisútvarpsstöðvum er aðstaða fyrir smærri samfélagshópa til að senda út eigin þætti. Vinna mætti hópverkefni þar sem safnað er heimildum og gerður útvarpsþáttur um efni sem þátttakendur hefðu áhuga á undir yfirskriftinni: „hugsum á heimsvísu, framkvæmum heima“.

Nánari upplýsingar

Nokkur íhugunaratriði um málefnið sem fjallað var um í verkefni:

a) Fjölmíðlar

1. Ungir jafnt sem aldnir eru stöðugt kaffærðir í upplýsingaflóði alls konar fjölmíðla. Við getum spurt okkur sjálf: Hvað gerum við með þessar upplýsingar? Gera þær okkur eitthvað fróðari?
2. Fjölmíðlarnir verða stöðugt sölumiðaðri og einfölduð skilaboð, staðalmyndir og æsifréttaskrif bera vott um hættulega þróun. Stöðugt erfiðara verður að finna vandaða fréttaumfjöllun.
3. Þetta á sérstaklega við í fréttum um ójöfnuð, einkum í þróunarlöndunum. Fréttir frá löndum utan hins vestræna heims eru lesnar með „vestrænum augum“. Því verða þær oft neikvæðar og dapurlegar.

b) Mannréttindamál

Fjölmíðlarnir eru vissulega mikilvæg tæki til að vekja skilning almennings á mannréttindum. En brýnt er að veita því eftirtekt hvernig málin eru kynnt og af hvaða tilefni. Allir verða að líta það gagnrýnum augum hvaða fréttir við fáum – og fáum ekki – og hvernig farið er með upplýsingar og staðreyndar. Í dagblöðum kann til dæmis stríðandi aðilum að vera lýst sem baráttumönnum fyrir frelsi eða sem hryðjuverkamönnum, eftir því pólitíska sjónarmiði sem ræður ríkjum. Fólk á öðrum menningarsvæðum kann að vera lýst á hlutdrægan hátt. Til dæmis er Inúítum stundum lýst sem framandi og harðgerðri þjóð sem berst fyrir hefðbundnum lífsháttum sínum í snjóhúsum, en þegar umræðan snýst um hvalveiðar er þeim lýst sem „morðingjum“.

c) Samábyrgð

Einhverjar myndanna sem notaðar eru í hermíleiknum ættu að sýna hvernig fólk, einkum af yngri kynslóðinni, getur axlað ábyrgð í verki. Sem kennarar, æskulýðsstarfsmenn o.s.frv. viljum við vekja áhuga ungmenna á baráttunni fyrir betri heimi. Við veltum fyrir okkur hver sé besta leiðin til að virkja ungt fólk til starfa og erum í vafa um hvort þeir möguleikar sem bjóðast höfði til þess. Skyggurnar sem ungmennin völdu gætu gefið einhverjar vísbendingar.